

**Íþróttabandalag Hafnarfjarðar**  
Stofnað 28. apríl 1945



*Pinggerð*  
*46. þings ÍBH*

**Haldið sunnudaginn 26. apríl 2009**  
**í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu**

Dagskrá þingsins var eins og segir í lögum ÍBH, dagskráin er fremst í skýrslu stjórnar ÍBH og vísast til hennar.

1. Hrafnkell Marinósson formaður setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna, Hrafnkell kom víða við í setningarræðu sinni, í stuttu máli: Ekkert félag var tekið inn á síðasta starfstímabili en Vetrariþróttafélag Hafnarfjarðar hafði sótt um aðild. Um helmingur bæjarbúa er innan Íþróttabandalagsins. Gestir Ásvallalaugar eru milli 800 til 1000 á dag. Hafnfirðingar skiluðu 653 Íslandsmeistaratitlum í hús. Opinber framlög til Afreksmannasjóðs ÍBH 2009 verða skorin niður um 25%, en ekki má slaka á. Var gerður góður rómur að ávarpi formanns. Stungið er uppá Jóni A. Marinóssyni sem þingforseta og Hafsteini Þórðarsyni til vara, Jón þakkaði traustið sem honum er sýnt og tók síðan við stjórn. Stakk hann uppá Guðmundi Haraldssyni sem 1. þingritara og Guðbjörgu Norðfjörð til vara, voru þau kosin með lófaklappi.
2. Tillaga um kjörbréfanefnd: Ferdinand Hansen formann, Anna M. Valdimarsdóttir og Sigurður Ævarsson. Var nefndin kosin með lófaklappi og tók strax til starfa. Ferdinand Hansen formaður Kjörbréfanefndar sté nú í pontu, gerðar voru athugasemdir við kjörbréf tveggja aðildarfélaga og kjörbréfin leiðrétt.
3. Hrafnkell Marinósson formaður, flutti skýrslu stjórnar og er hér með vísað til hennar. Þingforseti skjalfesti skýrsluna sem þingskjal nr. 1. Jón Gestur Viggósson gjaldkeri las og skýrði reikninga ÍBH og er hér með vísað til þeirra. Þingforseti skjalfesti reikninga ÍBH sem þingskjal nr. 2.
4. Ávörp gesta. Lúðvík Geirsson bærarstjóri kvaddi sér hljóðs, kvaðst ósofinn eftir kosninganótt, ætlaði sér á alþingi sem ekki tókst, en er allavega nú komin á þing bandalagsins. Lúðvík ræddi um hversu starf ÍBH sé ómetanlegt og óskaði eftir góðu samstarfi í framtíðinni. Afreksfólk í Firðinum hafi gefið sjálfum sér og bænum bestu afmælisgjöfina á 100 ára kaupstaðarafmælinu. Lúðvík kom inná krepuna sem nú ríkti og afleiðingar hennar og vegna hennar þarf að verja aðgengi barna og unglinga í bænum að starfi íþróttafélaganna. Nauðsynlegt sé að forgangsraða til að tryggja aðgengið. Lúðvík fór nú yfir helstu verkefni sem unnin hafa verið svo sem endurskoðun saminga er varðar 80/20 skiptinguna í 90/10. Ný mannvirki svo sem Ávallalaug, Hraunkot, hina glæsilegu æfingaaðstöðu Keilis og fyrirhugaða aðstöðu v/hnefaleika, hestamennsku Sörla og vegna vetrarstarfsemi í Bláfjöllum, einnig svæði FH og aðstöðu aksturíþrotta og Skotfélagsins í Kapelluhrauni. Lúðvík ræddi einnig æfingasvæðið við Hamranes, þ. á. m. nýjan golfvöll og aðstöðu til sjósunds við Herjólfsgötu. Er nokkuð ljóst að nóg er að gera hjá bærarstjóra næstu mánuðina. Næst kvaddi sér hljóðs Sigríður Jónsdóttir í framkvæmdastjórn Íþrotta- og Ólympíusambands Íslands. Flutti hún kveðjur Ólafs Rafnssonar forseta sambandsins, en hann er erlendis. Sigríður kvaðst hafa sótt eftir að sækja þing ÍBH, aðallega til að þakka Badmintonfélagi Hafnarfjarðar fyrir frábært Íslandsmót í badmintoni sem haldið var í Íþróttahúsinu Strandgötu nýverið. Sigríður þakkaði bandalaginu fyrir frábært starf, ræddi um að skólaganga og íþróttir ættu að ganga hönd í hönd og vísaði í því sambandi til íþróttabrautar Flensborgarskólans. Sigríður kom inná fyrirmyndarfélög ÍSÍ, einnig átakið Hjólað í vinnuna þar sem hafnfirsk fyrirtæki eins og ISAL og Actavis hafa komið sterk til leiks og bætti að lokum við að alltaf væri gaman að koma í Fjörðinn þar sem íþróttastarfsemin er engu lík og endurtók óskir um áframhaldandi gott starf ÍBH um ókomna tíð.

Að síðustu kvaddi sér hljóðs Gunnar Svavarsson, Gunnar kvað ÍBH kjarkmikla hreyfingu að halda þing á sunnudagsmorgni eftir kosninganótt. Gunnar kom víða við, að störfum sínum sem formaður Fjárlaganefndar, erfiðleika fyrirtækja sem eiga húsnæði skóla og að þeir erfiðleikar mættu ekki bitna á börnum og unglingum. Einnig á ágreining milli þeirra sem ekki vilja leggja mikla áherslu á íþróttastarf og okkar hinna. Var góður rómur gerður að ræðum gestanna.

5. Reikningar og skýrsla stjórnar voru borin upp til samþykktar. Enginn kvaddi sér hljóðs og var skýrslan samþykkt. Skýrsla gjaldkera var einnig samþykkt án athugasemda.

6. Kosnar 3 fastanefndir:

Fjárhagsnefnd: Jón Gestur Viggósson formaður, Bjarni Hafsteinn Geirsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Guðlaugur Ágústsson og Ágústa Hera Birgisdóttir.

Allsherjarnefnd: Hafsteinn Þórðarson formaður, Viðar Halldórsson, Ágúst Sindri Karlsson, Sigurjón Andersen, Haukur J. Eiríksson og Hörður Þorsteinsson,

Íþróttanefnd: Ingvar Kristinsson formaður, Guðbjörg Norðfjörð, Kristbjörn Óli Guðmundsson, Darri Gunnarsson og Benedikt Olgeirsson.

7. Tillögur um mál er fyrir liggja.

Þingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísad til (nafn nefndar)
3.	Tillaga AÍH um forgangsröðun	AÍH	Allsherjarnefnd
4.	Tillaga Björk um forgangsröðun	Björk	Allsherjarnefnd
5.	Ályktun SÍH varðandi framkvæmdir við félagsaðstöðu	SÍH	Allsherjarnefnd
6.	Tillaga Golfklúbbsins Keilis um forgangsröðun	Keilir	Allsherjarnefnd
7.	Tillaga HFH um forgangsröðun	Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefnd
8.	Tillaga DÍH um forgangsröðun	DÍH	Allsherjarnefnd
9.	Tillaga KK varðandi forgangsröðun	Kvartmílu-klúbburinn	Allsherjarnefnd
10.	Tillaga BH um forgangsröðun	Badmintonfélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefnd
11.	Tillaga Hauka um forgangsröðun	Haukar	Allsherjarnefnd
12.	Tillaga Hauka um bráðabirgðaáhorfendaaðstöðu	Haukar	Allsherjarnefnd
13.	Tillaga um stuðning við afreksstarf íþróttafélaganna	Haukar	Fjárhagsnefnd
14.	Tillaga um eignarhald í íþróttamannvirkjum	Haukar	Allsherjarnefnd
15.	Tillaga um íþróttafulltrúa íþróttafélaga	Haukar	Fjárhagsnefnd

16.	Ályktun um tímaúthlutun ÍBH	Haukar	Íþróttanefnd
17.	Ályktun um útivistarsvæði við Hvaleyrvatn	Haukar	Allsherjarnefnd
18.	Ályktun um umsjón með útivistarsvæðinu við Hvaleyrvatn	Haukar	Allsherjarnefnd
19.	Reglur við vanskilum á starfsskýrslum	Stjórn ÍBH	Íþróttanefnd
20.	Fjárhagsáætlun ÍBH	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefnd
21.	Ályktun um þakkir til stuðningsaðila ÍBH	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefnd
22.	Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefnd
23.	Fjármál afreksíþróttar	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefnd
24.	Ályktun varðandi samvinnu íþróttafélaga og skóla í grunn- og framhaldsskóla	Stjórn ÍBH	Íþróttanefnd
25.	Tillaga um íþróttafulltrúa íþróttafélaga	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefnd
26.	Tillaga vegna gæðastarfs íþróttafélaganna	Stjórn ÍBH	Íþróttanefnd
27.	Rekstur íþróttafélaga	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefnd
28.	Tillaga varðandi almenningsíþróttir íþróttafélaga	Stjórn ÍBH	Íþróttanefnd
29.	Ályktun varðandi jafnréttisátak ÍTH	Stjórn ÍBH	Íþróttanefnd
30.	Sameiginleg stefna íþróttafélaganna um hollan lífsstíl	Stjórn ÍBH	Íþróttanefnd
31.	Tillaga FH varðandi forgangsröðun	FH	Allsherjarnefnd
32.	Tillaga Hestamannafélagsins Sörli um forgangsröðun	Sörli	Allsherjarnefnd

Samþykkt var að tillögurnar færu til umfjöllunar í nefndir í samræmi við upptalningu og tillögu forseta auk tillits til athugasemda.

Þinghlé var gert kl. 12.10. Auk hádegisverðar voru eftirtaldir viðburðir í þinghléinu:

Óskar Þór Ármannsson frá menntamálaráðuneytinu og Magnús Þorkelsson aðstoðarskólameistari Flensborgarskólans fluttu athyglisverð erindi um Afreksíþróttasvið Flensborgarskólans (Magnús) og hlutverk menntamálaráðuneytisins varðandi sviðið (Óskar). Var gerður góður rómur að erindum þeirra.

8. Álit nefnda og umræður, tillögur samþykktar eins og þær koma fram hér á eftir.

### **Tillögur sem samþykktar voru á 46. þingi ÍBH**

Sameining þingskjala nr. 3, 4, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 31, 32.

**46. þing ÍBH haldið í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði 26. apríl 2009** samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ til eftirtalinna framkvæmda í samráði við þau íþróttafélög sem við á í hverju tilfelli fyrir sig.

#### **Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar.**

46. þing ÍBH ítrekar samþykkt fyrri þings ( 45. þings ) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að byggð verði motocrossbraut 700 metrar að lengd fyrir börn og unglinga og að einnig verði byggð motocrossbraut í fullri stærð 1700 metrar fyrir eldri flokka í Kapelluhrauni í Hafnarfirði.

#### **Fimleikafélagið Björk.**

46. þing ÍBH ítrekar samþykkt fyrri þinga ( 44. og 45. þings ) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að vinna að endurbótum og breytingum á íþróttamannvirkjum við Íþróttamiðstöð Bjarka við Haukahraun þannig að þörfum félagsins til framtíðar verði komið þar fyrir á einum stað.

#### **Golfklúbburinn Keilir .**

46. þing ÍBH ítrekar samþykktir fyrri þinga allt frá 2003 um ókláruð verkefni hjá Golfklúbbum Keili svo sem a) breytingar á núverandi golfvelli b) undirbúning og stækkun félagsheimilis þ.e. golfskála Keilis. Ennfremur er ítrekuð samþykkt 45. þings sem kveður á um að hvetja bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að hefja að fullum krafti undirbúningsvinnu að uppbyggingu svæðis undir nýjan 36 holu golfvöll í Hafnarfirði.

#### **Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.**

46. þing ÍBH ítrekar samþykkt 45. þings og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að vinna áfram í að leita að framtíðarhúsnæði fyrir Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.

#### **Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar.**

46. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykkt ( 45. þings ) um að hvetja bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að byggja upp íþrótt- og félagsaðstöðu fyrir félagið í samráði við stjórn þess.

#### **Kvartmíluklúbburinn.**

46. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykktir ( 44. og 45. þings ) um að bæta aðstöðu við kvartmílubraut og húsnæði félagsins. Einnig eru bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hvött til að hefja framkvæmdir við nýskipulagt akstursíþróttasvæði í Kapelluhrauni í samráði við stjórn félagsins og framkvæmdanefnd þess.

**Badmintonfélag Hafnarfjarðar.**

46. þing ÍBH ítrekar samþykktir fyrri þinga og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að byggja upp íþrótta- og félagsaðstöðu fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar í samráði við stjórn félagsins. Í því sambandi verði skoðuð bygging sérhæfðs badmintonhúss, en jafnframt verði kannað hvort skynsamlegt sé að skilgreina Íþróttahúsið við Strandgötu sem íþrótta- og félagsaðstöðu BH og aðlaga það þörfum félagsins. Jafnframt verði hugað að uppbyggingu tennisvalla í bænum sem yrðu með viðeigandi slitlagi.

**Knattspyrnufélagið Haukar.**

46. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykktir og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að leggja áherslu á frekari uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum. Áhersla er lögð á nýjan íþróttasal við íþróttahúsið, byggingu knatthúss og áhorfendaaðstöðu við knattspyrnuvöll félagsins. Vísað er til vinnu sem unnin hefur verið í nefnd um uppbyggingu á Ásvöllum, en nefndin er skipuð fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar og Hauka.

**Fimleikafélag Hafnarfjarðar.**

46. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykktir um þörf félagsins á landsvæði undir knattspyrnuíðkun og bendir í því sambandi á samkomulag við bæjarstjórn Hafnarfjarðar frá 15. okt 2004. Ennfremur hvetur þingið bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að byggður verði gervigrasvöllur í stað þess gervigrasvallar sem nú er í Kaplakrika og að sá völlur verði yfirbyggður.

**Hestamannafélagið Sörli.**

46. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykktir og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að framkvæma stækkun íþróttamannvirkja Sörlastaða þ.e. reiðskemmu og félagsheimilis ásamt aðstöðu sem nýtt getur sem félagshesthús.

Sameining þingskjala nr. 5 og 12.

**46. þing ÍBH haldið í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði 26. apríl 2009** skorar á bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að framkvæmnda “nú þegar” eftirtalin atriði í samráði við þau íþróttafélög sem við á.

**Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar.**

Að sjá til þess að nú þegar verði komið á vatni og rafmagni í félagsaðstöðu ásamt því að koma fyrir safn- eða rotþró vegna frárennslis.

**Knattspyrnufélagið Haukar.**

Að hefja framkvæmdir við bráðabirgða áhorfendaaðstöðu við knattspyrnuvöll félagsins.

- **Tillaga um eignarhald í íþróttamannvirkjum**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** óskar eftir að viðræður fari fram við Hafnarfjarðarbæ um samræmingu reglna og vinnubrögð er varðar uppbyggingu / nýframkvæmdir og eignarhald á íþróttamannvirkjum í bænum.

- **Ályktun um útivistarsvæði við Hvaleyrarvatn**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl í Álfafelli** leggur til að knattvelli á Hamarsvöllum verði áfram í eigu Hafnarfjarðarbæjar og í umsjón bæjarins.

Ályktun nr.18 dregin til baka.

- **Ályktun um þakkir til stuðningsaðila ÍBH**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** þakkar stuðningsaðilum ÍBH fyrir góðan stuðning við hina ýmsu þætti íþróttastarfsins og góða samvinnu. Ennfremur hvetur þingið fleiri stuðningsaðila til þess að leggja starfi íþróttafélaganna lið.

- **Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** þakkar stuðninginn sem bæjaryfirvöld hafa sýnt starfi aðildarféлага ÍBH. Aðildarfélag ÍBH hvetja bæjaryfirvöld til þess að halda áfram á sömu braut svo íþróttastarfið nái að vaxa og dafna og verði Hafnfirðingum til sóma.

- **Ályktun um tímaúthlutun ÍBH**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** fagnar nýjum úthlutunarreglum og styður þær tillögur heils hugar.

- **Ályktun varðandi samvinnu íþróttafélaga og skóla í grunn- og framhaldsskóla**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** fagnar samvinnu heilsdagsskóla grunnskólans og afreksíþróttabrautar Flensborgarskólans við íþróttafélag bæjarins og hvetur aðila til að halda áfram að þróa þetta samstarf.

Greinargerð:

Í grunnskólum bæjarins fór af stað árið 2007 tilraunaverkefni um frístundaskóla innan heilsdagsskóla Hraunvallaskóla og Hvaleyrarskóla. Síðan fylgdi Lækjarskóli í kjölfarið. Haustið 2008 buðu allir grunnskólar bæjarins upp á íþróttir og tólmstundir innan frístundaskóla heilsdagsskólans fyrir nemendur í 1. – 3. bekk grunnskóla.

Á 45. þingi ÍBH 2007 undirritaði Flensborgarskólinn undir samning við íþróttafélög bæjarins um samstarf við íþróttafreksbraut. Í dag er það samstarf komið vel á legg og er til fyrirmyndar á landsvísu. ÍBH hvetur íþróttafélögin til að kynna sér hugsanlegan samstarfsgrundvöll við grunn- og framhaldsskóla bæjarins og halda áfram að efla hann.

○ **Ályktun varðandi jafnréttisátak ÍTH**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** hvetur aðildarfélagin til að kynna sér jafnréttisstefnu ÍBH og jafnréttisátak Íþrótt- og tómsbundanefndar Hafnarfjarðar innan íþrótt- og tómsbundanefndar í Hafnarfirði og hafa þau markmið sem sett eru fram að leiðarljósi í starfi sínu.

Greinargerð:

ÍTH myndaði á árinu 2008 vinnuhóp um jafnréttisátak í íþrótt- og tómsbundanefndum í Hafnarfirði og lét vinna áhugaverða rannsókn á brottfalli stúlkna í 9. og 10. bekk grunnskóla úr skipulögðu íþrótt- og tómsbundanefndarstarfi. Niðurstöðurnar voru jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna, en gefa það jafnframt til kynna að nauðsynlegt sé að fjölga hreyfitilboðum innan félaganna. Ennfremur var brottfallið greint eftir skólum og hafa farið fram nokkrir fræðslufundir í grunnskólum bæjarins um efnið.

○ **Reglur við vanskilum á starfsskýrslum**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** samþykkir reglur ÍBH um vanskil á starfsskýrslum.

ÍSí hefur það verkefni að halda utan um þann fjölda sem iðkar íþróttir og að taka saman helstu umsýslutölur hreyfingarinnar. Í þessu skyni skila öll íþróttafélög og íþróttasambönd inn starfsskýrslum þar sem fram kemur fjöldi virkra iðkenda og fjöldi félaga sem eru í viðkomandi félagi. Einnig koma fram lykiltölur úr reikningum félagsins. Skila á starfsskýrslu fyrir 15. apríl ár hvert inn í félagakerfi ÍSí, Felix. ÍBH ber ábyrgð á því að skýrslum aðildarféлага ÍBH sé skilað til ÍSí. Ennfremur eru skýrslurnar einn þáttur í upplýsingagjöf ÍBH til bæjarfélagsins sem styður starf íþróttahreyfingarinnar. Eftirfarandi reglur gilda um vanskil á starfsskýrslum:

1. Félag á að skila starfsskýrslu inn í Felix félagakerfi ÍSí fyrir 15. apríl ár hvert.
2. Ef félag skilar ekki inn starfsskýrslu fyrir 15. apríl sendir skrifstofa ÍBH út áminningu á viðkomandi félag og biður um að skýrslunni sé skilað.
3. Skilafrestur er tvær vikur.
4. Verði skilum ekki sinnt missir félagið hlutdeild í lottói þangað til skil hafa átt sér stað.
5. Félagið fær ekki þær greiðslur sem það hefur misst vegna vanskila.
6. Félagið fær einnig enga aðra styrki sem eru í gangi s.s. afreksstyrki, ferðastyrki, niðurgreiðslu æfingagjalda o.s.frv.
7. Verði félagið ekki búið að ganga frá skýrslu við næsta starfsskýrslutímabil 15. apríl ári síðar dettur félagið út úr ÍBH.



8. Íþróttafélag utan ÍBH nýtur engra réttinda í bænum.
9. Íþróttafélag utan ÍBH tekur ekki þátt í keppni á vegum sérsambanda ÍSÍ.

○ **Sameiginleg stefna íþróttafélaganna um hollan lífsstíl**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** samþykkir sameiginlega stefnu aðildarfélaga ÍBH um hollan lífsstíl.

Markmið:

1. Stefna á að vera í kjörþyngd.
2. Hvetja til reykleysis.
3. Stuðla að vímuefnavörnum.
4. Neyta hollra matvæla.
5. Fá nægan svefn.
6. Regluleg hreyfing.
7. Auka vellíðan.

Leiðir:

1. Þjálfari útskýrir fyrir iðkendum og foreldrum samspil neyslu hitaeyninga og brennslu.
2. Fræða um skaðsemi reykinga.
3. Ræða um slæm áhrif vímuefna á líkamann.
4. Hér er m.a. hægt að benda á gott fræðsluefni um holl matvæli og næringu á heimasíðu Lýðheilsustöðvar.
5. Útskýra svefnþörf einstaklinga og hver áhrif svefnleysis eru.
6. Fræða um áhrif hreyfingar á líkamann. Einnig er mikilvægt að koma inn á hreyfingarleysi og ofþjálfun.
7. Rækta góð samskipti við alla, kenna gildi eins og virðingu, kurteisi, háttvísi, heiðarleika, tillitssemi, stundvísi og dugnað. Mikilvægt að félagsmenn og foreldrar finni sig velkomna til starfa í íþróttafélagi.
8. ÍBH aðstoði íþróttafélögin við að útvega hæfa aðila við fræðsluna.

○ **Tillaga varðandi almenningsíþróttir íþróttafélaga**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** beinir því til aðildarfélaga ÍBH að huga meira að framboði íþróttar fyrir alla aldurshópa þar sem keppni er ekki takmarkið.

Greinargerð:

Keppni er eðli íþróttar og hefur íþróttahreyfingin sem starfar á gömlum grunni haft hana að leiðarljósi í öllu starfi sínu. Með aukinni þekkingu á íþróttufræðum hafa hin ýmsu afbrigði keppni verið skilgreind og er sjálfmiðuð keppni aðallega notuð í almenningsíþróttum. Gríðarlega mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut að betrubæta umhverfi keppnis- og afreksíþróttar sérstaklega vegna þeirrar hvatningar og fyrirmyndar sem afreksfólk okkar er fyrir æsku landsins. Keppnis- og afreksíþróttir höfða hins vegar ekki til allra m.a. vegna lítilla hæfileika eða getu í íþróttum, því er

mikilvægt að íþróttahreyfingin fjölgi tilboðum sínum og bjóði almenningi ungum sem öldnum upp á markvissa heilsuþætandi hreyfingu í skemmtilegum félagsskap. Hægt er að ráða íþróttakennara eða þjálfara til að sjá um almenningshópa allt frá íþróttaskóla yngri barna til göngu-, skokk-, leikfimis- og þrekhópa eldri iðkenda. Möguleikinn til að virkja fólk til félagsstarfa fyrir félagið gæti aukist enda margvísleg verkefni sem vinna þarf til þess að öll stafssemi félagsins gangi vel. Hafnarfjarðarbær niðurgreiðir íþróttastarf eldri borgara sem ætti m.a. að leiða til aukinna tilboða innan íþróttafélaganna fyrir þann aldurshóp.

- **Tillaga vegna gæðastarfs íþróttafélaganna**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** hvetur aðildarfélög ÍBH til þess að sækja um nafnbótina “Fyrirmyndarfélag ÍSÍ”

Greinargerð:

Íþróttafélög sem sækja um viðurkenninguna sýna að þau gera kröfu til sjálfs sín bæði í gæðum og innihaldi þess starfs sem þau bjóða upp á. Íþróttahreyfingin gerir kröfur til samfélagsins um stuðning, bæði aðgang að mannvirkjum og beinan fjárstuðning. Íþróttahreyfingin vill að litið sé á þennan stuðning sem endurgjald fyrir þjónustu sem veitt er öllum þegnum samfélagsins. Til þess að slíkar kröfur séu trúverðugar og réttlætanager þarf að sýna fram á gæði starfsins. Sú leið sem farin hefur verið er að hrinda í framkvæmd verkefninu “Fyrirmyndarfélag ÍSÍ”. Mikilvægt er fyrir íþróttafélögin að skilgreina starf sitt vel, þannig að starfið verði öllum félagsmönnum, foreldrum og nýju stjórnarfólki auðskiljanlegt.

- **Tillaga um stuðning við afreksstarf íþróttafélaganna**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** óskar eftir að hefja viðræður við Hafnarfjarðarbæ um aukinn stuðning við afreksmannastarf íþróttafélaganna í Hafnarfirði með sérstakri áherslu á kvennaíþróttir.

## ○ Fjárhagsáætlun ÍBH

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** samþykkir fjárhagsáætlun ÍBH.

## Fjárhagsáætlun ÍBH 2009 - 2010

### Tekjur

1. Húsaleigutekjur		499.507.050
2. Lottó		17.800.000
3. Styrkur til íþróttastarfs 16 ára og yngri		
3.a. Hafnarfjarðarbær		12.000.000
3.b. Alcan		12.000.000
4. Aðrar tekjur		
4.1. Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.200.000	
4.2. Rekstrarstyrkur	14.000.000	
4.3. Íslensk getsþá	1.400.000	
4.4. Ýmsir styrkir vegna sérverkefna	300.000	
4.5. Útseldir tímar	1.700.000	
4.6. Íslandstrygging styrkur	500.000	
4.7. Tryggingastyrkur	1.500.000	
4.8. Vaxtatekjur	3.600.000	
		25.200.000
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>566.507.050</b>

### Gjöld

1. Húsaleiga		499.507.050
2. Lottó		15.408.820
3. Styrkur til starfs 16 ára og yngri		
3.a. Hafnarfjarðarbær		12.000.000
3.b. Alcan		12.000.000
4. Önnur gjöld		
4.1. Afreksmannasjóður	1.500.000	
4.2. Afmælisgjafir	575.000	
4.3. Skrifstofukostnaður	1.200.000	
4.4. Laun og launatengd gjöld, aðkeypt vinna	14.000.000	
4.5. Skrifstofuáhöld	300.000	
4.6. Fundir og ráðstefnur	300.000	
4.7. Ársþing ÍBH	600.000	
4.8. Aðk.akstur,sími ofl	840.000	
4.9. Endurskoðun bókhalds	700.000	
4.10. Sérverkefni	200.000	
4.11. Tryggingar	3.951.180	
4.12. Ófyrirséð	200.000	
4.13. Skuld við Afreksmannasjóð	3.387.749	
		27.753.929
	<b>Gjöld samtals</b>	<b>566.669.799</b>

**Tekjuafgangur****-162.749****Heildargjöld****566.507.050**

- **Fjármál afreksíþróttá**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** skorar á bæjaryfirvöld að bæta rekstrargrundvöll afreksíþróttá í Hafnarfirði í samvinnu og samráði við aðildarfélög ÍBH.

Greinargerð:

Rekstur afreksstarfs íþróttafélaganna hefur verið mjög þungur undanfarin ár. Í hverju íþróttafélagi er afreksfólkið nauðsynlegt því þau eru lykilpersónur sem eru fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur auk þess sem þau laða annað hæfileikaríkt íþróttafólk að félögunum. Afreksfólk sem nær góðum árangri á lands- eða heimsvísu gerir Hafnarfjarðarbæ stoltann og bæjarbúa ánægða, auk þess sem eign íþróttahetja er frábær kynning fyrir bæjarfélagið. Stuðning bæjarfélagsins við afreksstarfið þarf að efla verulega, afreksstarfið er dýrasti þátturinn í rekstri íþróttafélaganna. Þetta er hægt að gera með því að auka framlög Afreksmannasjóðs ÍBH eða með sérstöku samstarfi ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar.

- **Rekstur íþróttafélaga**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** skorar á bæjaryfirvöld að styðja enn frekar við starfsmannahald íþróttafélaganna. Það mætti gera með stuðningi vegna stöðu framkvæmdastjóra eða rekstrarfulltrúa.

Greinargerð:

Rekstur íþróttafélaganna er orðinn mjög umfangsmikill. Ýmsir þættir í starfinu eru unnir af stjórnarfólki í sjálfböðavinnu sem þyrftu að vera í höndum fagaðila sem hafa menntun og grundvallarþekkingu á rekstri. Samfélagslegar kröfur á íþróttafélögin eru orðnar mjög miklar um þjónustu og margt fleirra. Stjórnendur íþróttafélaganna hafa metnað til að standa vel að þessu starfi og er ábyrgð þeirra mikil. Þörf íþróttafélaganna fyrir að hafa starfandi fólk sem vinnur við umsýslu og utanumhald á rekstri starfseminnar hefur aukist mikið.

- **Tillaga um íþróttafulltrúa íþróttafélaganna**

**46. þing ÍBH haldið 26. apríl 2009 í Álfafelli** skorar á bæjaryfirvöld að styðja íþróttastarf aðildarfélaga ÍBH með launuðum íþróttafulltrúa félaganna sem hefur það meginviðfangsefni að halda uppi góðu faglegu innra starfi í félaginu.

Greinargerð:

Íþróttastarf félaganna er orðið gífurlega umfangsmikið. Stjórnarmenn íþróttafélaganna vinna öll störf í sjálfböðavinnu eftir að vinnu degi þeirra lýkur. Vinnan sem leggst á stjórnarmenn félaganna er oft mjög mikil sem leiðir til þess að úthald þeirra til starfa fyrir íþróttahreyfinguna fer dvínandi og þeir hætta fljótlega. Ör skipti stjórnarmanna færir félögin oft á tíðum örlítið til baka í faglegu innra starfi. Til þess að geta haldið gæðum í starfi íþróttafélaganna sem kröfur nútíma samfélags gerir, vilji bæjarbúa og íþróttahreyfingarinnar sjálfrar stefnir til, er mikilvægt að íþróttafélögin geti ráðið

Íþróttafulltrúa til þess að sinna innri gæðamálum félagsins. Helstu verkefni íþróttafulltrúa íþróttafélagsins gætu verið eftirfarandi:

- Skipulagning á íþróttapjálfun
- Markaðsetning íþróttanna í nærliggjandi skólum
- Samstarf við félagsmiðstöðvar, skóla, íþróttabandalag, Íþrótt- og tómstundanevnd, sérsambönd ÍSÍ, ÍSÍ og UMFÍ
- Úthlutun tíma innan félags
- Gerð ráðningarsamninga við þjálfara
- Umsjón á fræðslu fyrir þjálfara

Tillaga nr. 15 sama efnis fellur út.

9. Kosning formanns ÍBH. Viðar Halldórsson kvaddi sér hljóðs og stakk upp á Hrafnkeli Marinóssyni sem formanni og var hann kosinn með dynjandi lófaklappi.

10. Þingforseti las upp tilnefningar aðildarfélaganna í stjórn ÍBH.

Aðalmenn og varamenn eru eftirtaldir:

1. Viðar Halldórsson FH, varamaður Benedikt Olgeirsson.
2. Ágúst Sindri Karlsson Haukum, varamaður Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir.
3. Anna María Valtýsdóttir Björk, varamaður Ingvar Kristinsson.
4. Írena Óskarsdóttir BH, varamaður Kristján Daníelsson.
5. Karl Klein SH, varamaður Jónína Ósk Ingólfssdóttir.
6. Bergsteinn Hjörleifsson Keili, varamaður Sveinn Sigurbergsson.
7. Anders Már Þráinsson Skotíþróttaf. Hafnarfj., varamaður Sigurþór Jóhannesson.
8. Sigurður Ævarsson Sörla, varamaður Hilmar Bryde.
9. Stefán Kristófersson Fjörður, varamaður Hrafn Þórðarson.
10. Haukur J. Eiríksson DÍH, varamaður Atli Már Sigurðsson .
11. Högni Friðþjófsson Golfklúbbnum Setberg, varamaður Björn Eysteinnsson.
12. Ragnar Hilmarsson Þyt, varamaður Hallur Helgason.
13. Björgvin Stefánsson ÍH, varamaður Hörður Harðarson.
14. Sigurjón Andersen Kvartm. kl., varamaður Davíð S. Ólafsson.
15. Kristján Geir Mathiesen AÍH, varamaður Nína Kristín Björnsdóttir.
16. Ágústa Hera Birgisdóttir HFH, varamaður Ólafur Tryggvi Gíslason.

11. Kosnir tveir endurskoðendur og tveir til vara. Stungið er uppá sem aðalmönnum þeim Þór Gunnarssyni og Eiríki Skarphéðinssyni og til vara Ingvari Viktorssyni og Skúla Valtýssyni. Hlutu þeir einróma kosningu.

12. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing. Þessi liður fellur niður, enda þingið afstaðið.

13. Ýmis mál. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið. Heiðranir, framkvæmdastjórnarmennirnir Bergsteinn Hjørleifsson og Ágúst Sindri Karlsson nældu merkjum bandalagsins í þá sem skarað hafa fram úr í störfum fyrir íþróttahreyfinguna í bænum. Íþróttafélögin tilnefna fólk úr sínum röðum til stjórnar ÍBH.

Samþykktar viðurkenningar og afhentar á 46. þingi ÍBH.

#### Þjónustumerki ÍBH

Nafn	Félag
Gísli Johnsen	Sundfélag Hafnarfjarðar
Karl G. Klein	Sundfélag Hafnarfjarðar
Þröstur Valdimarsson	Sundfélag Hafnarfjarðar

#### Silfurmerki ÍBH

Nafn	Félag
Anders Már Þráinsson	Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar
Sigurður Guðmundsson	Sundfélag Hafnarfjarðar
Vilhjálmur Ólafsson	Hestamannafélagið Sörli / FH
Silja Úlfarsdóttir	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Ólafur Bjarnason	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Ragnar Ingi Sigurðsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Heimir Guðjónsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Guðmundur Karlsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Óskar Þór Ármannsson	ÍBH / Knattspyrnufélagið Haukar
Elías Jónasson	Knattspyrnufélagið Haukar
Valborg Óskarsdóttir	Knattspyrnufélagið Haukar
Sigríður Kristjánsdóttir	Knattspyrnufélagið Haukar
Brynjar Indriðason	Knattspyrnufélagið Haukar
Hörður Davíð Harðarson	Knattspyrnufélagið Haukar
Sigurjón Andersen	Kvartmíluklúbburinn

#### Gullmerki ÍBH

Nafn	Félag
Hrafnkell Marinósson	Sundfélag Hafnarfjarðar
Magnús Þorkelsson	Sundfélag Hafnarfjarðar
Örn Ólafsson	Sundfélag Hafnarfjarðar
Birgir Sigurjónsson	Hestamannafélagið Sörli
Eggert Bogason	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Jón Rúnar Halldórsson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Kristjana Aradóttir	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Pétur Stephensen	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Ragnheiður Ólafsdóttir	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Þórey Edda Elísdóttir	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Ólafur Jóhannesson	Fimleikafélag Hafnarfjarðar
Pétur Vilberg Guðnason	Knattspyrnufélagið Haukar
Hálfdan Þórir Markússon	Knattspyrnufélagið Haukar
Gunnlaugur Sigurðsson	Knattspyrnufélagið Haukar



Sverrir Hjörleifsson	Knattspyrnufélagið Haukar
Heimir Heimisson	Knattspyrnufélagið Haukar
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir	Knattspyrnufélagið Haukar
Daníel Hálfðánarson	Knattspyrnufélagið Haukar

14. Þingslit. Endurkjörinn formaður þakkaði traustið sem honum er sýnt og brýndi þingfulltrúa að láta ekki deigann síga í framtíðinni. Sérstaka viðurkenningu hlaut Jón Gestur Viggósson fulltrúi FH og gjaldkeri ÍBH sem hættir í stjórn ÍBH eftir 14 ára setu. Á þingi ÍSÍ 17. og 18. apríl sl. hlaut hann glæsilega kosningu inn í framkvæmdastjórn Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Jóni Gesti eru þökkuð vel unnin störf í þágu bandalagsins og voru honum færð blóm. Framkvæmdastjóra ÍBH Elísabetu Ólafsdóttur voru einnig þökkuð vel unnin störf í þágu ÍBH og sérstaklega þessa þings. Að lokum þakkaði hann þingfulltrúum fyrir góða mætingu, virka þátttöku á þinginu, það þá vel að lifa og sleit þingi kl. 16.00.